


# Knapamerki 2



# Efnisyfirlit

<b>1. kafli. Saga íslenska hestsins</b>	<b>4</b>	<b>4. kafli. Áfram og stopp</b>	<b>29</b>
Sögulegur bakgrunnur.....	4	Hvað eru A-B-æfingar?.....	29
Uppruni.....	4	Hvernig á að vinna með A-B-æfingar?.....	29
Hlutverk og mótun.....	5	Útfærsla við að ríða A-B-æfingar.....	31
Eiginleikar og sérkenni íslenska hestsins.....	6	<b>5. kafli. Reiðvöllur og reiðleiðir</b>	<b>32</b>
Hið opinbera ræktunarmarkmið fyrir íslenska hestinn.....	6	Markmið með notkun reiðvalla.....	32
Hlutverk hestsins á síðustu öld og í nútímanum.....	8	Reiðvöllurinn.....	32
<b>2. kafli. Viðhorf manns og hests</b>	<b>10</b>	Hugtök sem notuð eru á reiðvelli.....	33
Viðhorf mannsins til hestsins.....	10	Reiðvöllur og merkingar.....	33
Áreiti, viðbragð, afleiðing.....	11	Nokkrar reiðleiðir á vellinum.....	34
Þolinmæði þrautir vinnur allar.....	12	Umferðarreglur á reiðvelli.....	37
Líkamstjáning hestsins.....	12	<b>6. kafli. Taumhald og taumábendingar</b>	<b>38</b>
Skapgerð hesta.....	15	Taumsamband.....	38
Minni hestsins og námsgeta.....	15	Slæmt taumsamband.....	39
Að kenna frá báðum hliðum.....	16	Taumábendingar og mismunandi taumhald.....	39
Athygli og einbeiting hestsins.....	16	Tegundir taumhalds.....	41
Aldur hestsins.....	17	Í taumsambandi.....	41
Skapgerð, þroski og persónuleiki.....	17	Á löngum taumi.....	42
Fyrri tamning og þjálfun.....	17	Á slökum taumi.....	42
Færni þjálfarans.....	18	Við taum.....	43
Líkamlegt ástand.....	18	Hvatning.....	43
Aðstæður og umhverfi.....	18	<b>7. kafli. Vinna við hönd</b>	<b>44</b>
Umbun – lyklatríði allrar þjálfunar.....	18	Af hverju vinna við hönd?.....	44
Ef illa gengur.....	20	Keyrið – bendiprikið.....	45
Hesturinn skilur ekki.....	20	<b>8. kafli. Að kyssa ístöð</b>	<b>46</b>
Hesturinn er hræddur.....	20	Hvernig?.....	46
Líkamlegar ástæður.....	21	Að sveigja að eða frá knapa.....	46
Hesturinn viðurkennir ekki manninn sem leiðtoga.....	21	Algeng mistök.....	48
Að bregðast rétt við.....	21	Sveigjustopp.....	49
Að setja upp jákvæðar ástæður.....	22	Að kenna hesti sveigjustopp.....	49
<b>3. kafli. Ábendingar</b>	<b>23</b>	Af hverju sveigjustopp?.....	49
Hvernig lærir hesturinn ábendingar?.....	23	<b>9. kafli. Gangskiptingar</b>	<b>51</b>
Notkun ábendinga.....	23	Hvað er gangskipting?.....	51
Tegundir ábendinga.....	24	Hvernig á að framkvæma gangskiptingar?.....	51
Ábendingar á baki.....	24	Fet – brokk eða tólt – fet.....	52
Ábendingar gefnar með fótum.....	25	<b>10. kafli. Útreiðar á viðavangi</b>	<b>53</b>
Ábendingar gefnar með taumi.....	26	Þjálfun á viðavangi.....	53
Ábendingar gefnar með rödd.....	26	Ríðið upp brekku.....	55
Ábendingar gefnar með þyngd.....	26	Ríðið niður brekku.....	55
Ábendingar gefnar með keyri.....	27	Náttúrulegar hindranir.....	56
Styrkleiki og tímasetning ábendinganna.....	28	Ítarefni.....	59



## 5. kafli *Reiðvöllur og reiðleiðir*

Í þessum kafla verður fjallað um reiðvöllinn og notkun hans. Hægt er að þjálfna hesta og knapa á margvíslegan og árangursríkan hátt með því að notfæra sér reiðvöllinn rétt. Áður fyrr fór þjálfun hesta að mestu fram úti í náttúrunni en á síðustu árum eru reiðhallir og tilbúnir reiðvöllir vinsæll vettvangur tamninga, reiðkennslu og þjálfunar hesta. Þjálfun við náttúrulegar aðstæður á ennþá fullan rétt á sér og saman vinna þessir kostir best, þ.e. vinna á reiðvelli og úti á víðavangi. Séu reiðhallir notaðar af kunnáttu og frjórrí hugsun þá er þjálfun þar tilvalin leið til að auka fjölbreytni og fágun við þjálfun hests og knapa.

Til þess að geta notað reiðvöll rétt þarf knapinn að læra þær reglur og vinnuaðferðir sem þar gilda og um það verður fjallað í þessum kafla.

**Reiðvöllinn** á að nota til að gera þjálfun fjölbreytta og skemmtilega bæði fyrir knapa og hest.



### Markmið með notkun reiðvalla

#### Helstu markmið með notkun reiðvallarins eru eftirfarandi:

- Að kenna hestinum ábendingar og stjórnun.
- Að þjálfna knapann í notkun ábendinga.
- Að styrkja og liðka hestinn.
- Að bæta jafnvægi og hreyfingar.
- Að auka fjölbreytni í þjálfun.
- Að bæta gangtegundirnar.
- Að auka áhuga og einbeitni bæði hjá knapa og hesti.


### Reiðvöllurinn

Hefðbundinn reiðvöllur er oftast 20 m x 40 m að stærð. Botninn þarf að vera mjúkur og fjaðrandi en jafnframt þéttur. Undirlag reiðvallarins skiptir miklu máli þegar verið er að þjálfna hesta inn á velli. Botninn má alls ekki vera of harður því þá geta hestarnir orðið sárfættir og átt erfitt með að beita sér rétt. Jafnframt er mikilvægt að hvorki steinar né ójöfnur séu á vellinum þannig að hesturinn misstigi sig, hrasí eða fái grjót upp í hófbotninn. Af því getur stafað slysaætta og hesturinn orðið haltur. Reiðvöllinum er skipt niður og hann afmarkaður með bókstöfum og hringmerkjum eins og sést á myndinni. Knapí sem ætlar að vinna með hestinn sinn inni á hringvelli þarf að læra þessi merki,

kunna stafina utan að og geta fylgt leiðunum á reiðvellingum. Einungis þannig getur hann þjálfað hestinn og sjálfan sig markvisst inni á vellingum.

### Hugtök sem notuð eru á reiðvellingum

- **Millibil.** Fjarlægðin frá tagli hests að höfði hins næsta. Ef annað er ekki tekið fram skal millibilið vera sem nemur tveimur hestlengdum.
- **Hægri/vinstri hönd.** Reiðmaðurinn ríður á vinstri hönd þegar vinstri hlið hans snýr inn að miðju reiðvallarins og öfugt.
- **Innri/ytri hlið.** Á við um þá hlið sem hesturinn er sveigður til. Innri hlið er alltaf sú hlið sem hesturinn er sveigður til. Líka er talað um innri og ytri taum, innri og ytri fót o.s.frv.
- **Skipta um hönd.** Þegar knapinn skiptir frá hægri yfir á vinstri hönd og öfugt. Notaðar eru sérstakar reiðleiðir inni á vellingum til að skipta um hönd og verða þær útskýrðar betur hér á eftir.
- **Miðlína.** Línan milli A og C.
- **Skálína.** Línan á milli M og K annars vegar og H og F hins vegar.
- **Þverlína.** Línan á milli B og E.
- **Skref.** Um það bil 80–100 cm.
- **Hestlengd.** Þrjú skref, u.þ.b. 3 metrar.
- **Sporaslóð.** Leiðin meðfram veggjum eða girðingu vallarins.
- **Ytri sporslóð.** Leiðin sem liggur meðfram veggnum – næst veggnum.
- **Innri sporslóð.** Leiðin sem liggur meðfram veggnum en er nær miðju vallarins, u.þ.b. hestlengd fyrir innan ytri sporslóð.
- **Allur völlurinn.** Þegar ríðið er á ytri eða innri sporslóð meðfram vegg eða girðingu vallarins.
- **Skammhlið.** Styttri hlið vallarins.
- **Langhlið.** Lengri hlið vallarins.



## Reiðvöllur og merkingar

### Merkingar á reiðvelli:

- |     |                                |
|-----|--------------------------------|
| A   | Miðpunktur skammhliðar         |
| K   | Vendipunktur                   |
| E   | Miðpunktur langhliðar          |
| H   | Vendipunktur                   |
| C   | Miðpunktur skammhliðar         |
| M   | Vendipunktur                   |
| B   | Miðpunktur langhliðar          |
| F   | Vendipunktur                   |
| X   | Miðpunktur vallarins           |
| G–D | Á þverlínu á milli vendipunkta |
| ●   | Hringpunktur                   |